



## Jafnréttisáætlun FlyOver Iceland

2022-2025

Í jafnréttisáætlun FlyOver Iceland eru markmið í jafnréttismálum skilgreind, tilgreint hvernig skal unnið að þeim og hver ber ábyrgð á aðgerðum. Einnig fylgir hverri aðgerð tímarammi þannig að hægt sé að fylgjast reglubundið með framvindu verkefna. Jafnréttisáætlunin er endurskoðuð a.m.k. árlega og þá er farið yfir stöðu verkefna og skoðað hvað hefur gengið vel og hvað má betur fara. Framkvæmdastjóri FlyOver Iceland ber ábyrgð á því að þeirri vinnu sé fylgt eftir.

### Launajafnrétti

**Markmið:** Að konur og karlar og fólk með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá fái jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Marka stefnu í jafnlaunamálum	Framkvæmdastjóri	Lokið fyrir lok janúar 2023
Jafnlaunastefna kynnt fyrir öllu starfsfólki	Mannauðsstjóri	Lokið fyrir lok janúar 2023
Jafnlaunastefna gerð aðgengileg á innri- og ytri vef	Mannauðsstjóri	Lokið fyrir lok janúar 2023
Jafnlaunastefna kynnt fyrir öllu starfsfólki	Mannauðsstjóri	Í janúar ár hvert auk þess sem kynning stefnunnar er hluti af ráðningarferli nýs starfsfólks

Greina laun og fríðindi starfsfólks til að kanna hvort um kynbundinn launamun er að ræða	Mannauðsstjóri	Lokið fyrir desember ár hvert
Leiðréttu laun ef fram kemur óútskýranlegur munur á launum kynjanna	Mannauðsstjóri	Lokið að hámarki 6 mánuðum eftir launagreiningu ár hvert
Öðlast jafnlaunastaðfestingu	Framkvæmdastjóri	Lokið fyrir lok árs 2022

## Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

**Markmið:** Að halda sem jöfnustu hlutfalli kynjanna í störfum innan FlyOver Iceland og skal jafnréttissjónarmið vera metið til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið sem ákvarða ráðningu í starf. Allt starfsfólk skal eiga kost á að sækja sér endur- og símenntun og ákvarðanir um úthlutun námsleyfa skulu byggja á málefnalegumforsendum og jafnréttis gætt.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Starfagreining skal fara fram	Mannauðsstjóri	Alltaf áður en starf er auglýst
Starfsauglýsingar skulu hvetja öll kyn til að sækja um	Mannauðsstjóri	Alltaf þegar störf eru auglýst
Stöðluð starfsviðtöl	Mannauðsstjóri	Alltaf þegar nýtt starfsfólk er ráðið
Árleg kynjagreining á þátttöku í endur- og símenntun sem og í starfsþjálfun	Mannauðsstjóri	Lokið fyrir febrúar ár hvert
Komi í ljós misræmi í greiningu á endur- og símenntun skal skoða orsakir þess og leiðréttu með aðgerðum sem að gagni koma	Mannauðsstjóri	Lokið fyrir mars ár hvert/árleg starfsviðtöl

## Samræming vinnu og einkalífs

**Markmið:** Að skapa fjölskylduvænt vinnuumhverfi þar sem starfsfólki er gert kleift að samræma starfsskyldur og ábyrgð gagnvart fjölskyldu eins og unnt er.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Hafa áhrif á gerð vaktaplans með möguleika á fríbeiðni	Starfsmenn	Viku fyrir útgáfu vaktaplans
Sveigjanlegur vinnutími og möguleiki á vinnu að heiman samkvæmt fjarvinnustefnu WHP (Work from home policy)	Starfsmenn	Starfsfólk í störfum sem hægt er að sinna í fjarvinnu þarf sérstaklega að sækja um
Möguleiki á að minnka við sig vinnu tímabundið vegna fjölskylduábyrgðar	Starfsmenn	Alltaf

## Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

### Markmið

**Markmið:** Að koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Stefnumótun um viðbrögð við einelti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi (Anti-Bullying and Harassment Policy)	Mannauðsstjóri	ABHP er til hjá FlyOver Iceland og aðgengilegt starfsfólki
Kynning og fræðsla á ABHP og jafnréttismálum almennt fyrir nýtt starfsfólk	Mannauðsstjóri	Í janúar ár hvert auk þess sem kynning stefnunnar er hluti af ráðningarferli nýs starfsfólks

## Eftirfylgni og endurskoðun

**Markmið:** Að jafnréttisáætlun skili tilætluðum árangri og mun áætlunin þróast í takt við aðra stefnumótun.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Kynna jafnréttisáætlunina fyrir öllu starfsfólki	Mannauðsstjóri	Lokið fyrir lok janúar 2023
Endurskoða jafnréttisáætlun	Framkvæmdastjóri	Þriðja hvert ár, næst 2025
Jafnréttisáætlunin skal vera aðgengileg á innra neti fyrirtækisins	Mannauðsstjóri	Lokið fyrir janúar 2023

Jafnréttisáætlun FlyOver Iceland gildir frá 01.01.2022 og skal endurskoðuð á þriggja ára fresti, næst 01.01.2025.

Samþykkt af stjórn FlyOver Iceland þann 02.12.2022.